



Skautasamband Íslands
Engjavegi 6,
104 Reykjavík, Ísland

Skýrsla stjórnar Skautasambandsins tímabilið 2010-2012

Í stjórn ÍSS á síðast liðnum tveimur starfsárum voru eftirtaldir aðilar:

June Eva Clark	formaður
Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir	varaformaður
Sigríður Matthildur Guðjohnssen	gjaldkeri
Þóra Gunnarsdóttir	meðstjórnandi/ritari
Sigríður Stefánía Stefánsdóttir	ritari/meðstjórnandi

Varamenn:

Kristín Þöll Þórsdóttir
Kristín Linda Steingrímsdóttir

Fyrstu verk kjörinnar stjórnar að afloknu þingi vorið 2010 var að skipta með sér verkum, stjórn samþykkti mótarið næsta vetrar og formaður hélt að því loknu á þing ISU sem fram fór í Barcelon á Spáni í júní 2010. Á þessu þingi fór mest fyrir kosningum í nefndir og stjórnir en eins og venja er til þá eru samþykktar töluverðar breytingar á keppnisreglum á þingum ISU.

Það var því þann 18 september 2010 að ÍSS fékk ISU TS til landsins, Olgu Baranovu hún sá um námskeið fyrir þjálfara héraðs þar sem farið var yfir breytingar, á keppnisreglum, breytingar útskýrðar og spurningum svarað. Þátttaka á námskeiðinu var mjög góð eða pakkaður A salur og vel það og allir þjálfarar sammála um að hér hafi verið gott námskeið á ferðinni og allir vel upplýstir og tilbúnir í slaginn fyrir veturinn.

Sömu helgi fór fram árlegt helgarnámskeið fyrir dómara og tæknifólk. Carina Kelly sem býr í Svíþjóð sá um námskeiðið. Á námskeiðinu var farið yfir allar breytingar og þáttakendur þreyttu próf, skrifleg, munnleg og verkleg. Því miður þá var ekki fjölmenni á þessu námskeiði en þeir sem komu unnu alla helgina af miklum áhuga og stóðust flestir próf. Einhverjir nýliðar voru á námskeiðinu sem hafa síðan ekki skilað sér sem skyldi í vinnu fyrir ÍSS.

Við tók síðan hefðbundið mótahald hjá ÍSS héraðs og fjölgun á þátttöku á mótum erlendis.

Haustmót ÍSS 2010 fór fram 9-10 október í Laugardalnum og Bikarmót ÍSS 2010 fór fram 5-7 nóvember á Akureyri.

ÍSS sendi keppendur á mót í Belgíu og Póllands í nóvember 2010.



Í Póllandi á Volvo Cup Open sem fór fram í Varsjá 17-21 nóvember 2010 . Þar kepptu fyrir ÍSS í Advanced Novice flokki: Júlía Grétarsdóttir og Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir. Júlía fékk 62,51 stig og hafnaði í 19 sæti og Heiðbjört Arney fékk 58,16 stig og hafnaði í 26 sæti alls voru 38 keppendur í þessum flokki. Þjálfari með þeim var Svetlana Akmerova þjálfari SR og fararstjóri var Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir varaformaður ÍSS.

Til Belgíu á Opna Belgíska Meistaramótið sem fór fram í Hasselt sömu helgi fóru:

Agnes Dís Brynjarsdóttir, Nadia Margrét Jamchi, Vala Rún B. Magnúsdóttir og Þuríður Björg Björgvinsdóttir. Nadia Margrét keppti í Junior flokki og fékk 43,47 stig og hafnaði í 8 sæti. Hinar þrjár kepptu í Advanced Novice, Agnes Dís fékk 59,03 stig og lenti í 3 sæti, Vala Rún fékk 57,86 og lenti í 4 sæti, Þuríður Björg fékk 46,47 stig og lenti í 7 sæti.



Agnes Dís varð fyrst til að vinna til verðlauna sem keppandi ÍSS á alþjóðlegu móti á erlendra grundum og kom heim með brons.



Þjálfarar með hópnum í Belgíu voru
Ásdís Rós Clark þjálfari SR og
Webster G. Smith þjálfari SB

Fararstjóri var
Sigríður M. Gudjohnsen
gjaldkeri ÍSS.

Íslandsmótið 2010 fór fram í Egilshöllinni
3-5 desember.

Íslandsmeistarar 2010:

Stúlknaflakki A (Advanced Novice)
Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir frá SR

Unglingaflokkur A (Junior)
Nadia Margrét Jamchi frá SR



Skautakona ársins 2010 og 2011 er Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir



International Children Games fóru fram í Kelowna í Kanada – Alþjóða vetrarleikar barna 26-31 janúar 2011.

Valdir voru tveir efstu skautarar af Bikarmóti ÍSS til þátttöku. Þáttakendur frá Reykjavík voru: Júlía Grétarsdóttir og Þuríður Björg Björgvinsdóttir (Dídi). Með þeim í för voru Þóra Gunnarsdóttir og Sigríður M. Gudjohnsen.

Stúlkunum gekk vel, Dídi hafnaði í 12 sæti og Júlía hafnaði í 17 sæti af 21 keppendum.

Keppendur á mótinu auk Íslands komu frá: Swiss, Suður Kóreu, Kanada, Litháen og Bandaríkjunnum.



**28 -30 janúar 2011 sendi ÍSS sex keppendur á
Isblomsten mót sem fór fram í Kaupmannahöfn í Danmörku**



Fimm keppendanna kepptu í Advanced Novice: Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir hafnaði í 11 sæti með 65,09, Vala Rún B. Magnúsdóttir í 12 sæti með 60,57, Agnes Dís Brynjarsdóttir í 13 sæti með 57,73, Urður Ylfa Arnardóttir í 24 sæti með 47,07, Huguína Sara Maríusardóttir í 25 sæti með 42,48. Einn keppandi keppti í Junior flokki: Nadia Margrét Jamchi og hafnaði hún í 6. sæti. Þjálfarar með þeim voru Svetlana Akmerrova frá SR og Webster G. Smith frá SB. Fararstjóri var Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir.

Norðurlandamótið í listhlaupi á skautum 2011_Danmörk

Þrír keppendur tóku þátt á NM2011 fyrir Íslands hönd: Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Júlía Grétarsdóttir og Þuríður Björg Björgvinsdóttir þær kepptu allar í Advanced Novice Þjálfari SR með þeim var Svetlana Akmerrova og fararstjóri var Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir varaformaður ÍSS.

Formaður ÍSS, June Eva Clark var með í för til funda með fulltrúum sérsambanda á Norðurlöndum auk þess voru stuðningsmenn mættir á pallanna þeim til halds og traust: Ásdís Rós Clark, Helga Ívarsdóttir, Sigríður M. Gudjohnsen, Sunna Björk Mogensen, Þóra Gunnarsdóttir.

Stúlkunum gekk ágætlega, í Advanced Novice voru 15 keppendur þ.e. þrír keppendur frá hverju Norðurlandanna. Heiðbjört Arney varð í 13 sæti, Júlía í 14 sæti, Dídí í 15 sæti.





Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2011

fór fram í Liebersee í Tékklandi 12-19 febrúar 2011
Fulltrúi Íslands á leikunum í Listhlaupi á skautum var
Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir

Sunnudaginn 13. febrúar 2011 fór fram opnunarhátíð
leikanna þar sem Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir var
fánaberi Íslands.

Heiðbjört Arney er fyrst íslenskra skautara til þess að taka þátt á svo stóru móti.
Heiðbjört Arney lauk keppni með 77,46 stig í heildarskor og varð í 28 sæti af 30. Svetlana
Akmerova þjálfari SR var með henni ásamt keppendum á skíðum og fríðu föruneyti frá ÍSÍ

Vetrarmót ÍSS 2011 var haldið í Laugardalnum 19-20 febrúar

Hér má sjá verðlaunahafa í yngsta A flokki
á Vetrarmóti 2011.

Helga Karen Pedersen frá SB
og Nanna Kristín Bjarnadóttir frá SR



Grunnprófsnámskeið fór fram í Egilshöllinni 8-9 apríl 2011

Maria Mclean sem er höfundur Grunnprófa ÍSS kom til landsins og hélt námskeið í sal og á ís fyrir þjálfara og dómara ÍSS. Einnig fóru fram Grunnpróf fyrir eldri A keppnisflokka þessa helgi. Námskeiðið var vel sótt og prófin gengu vel. Grunnpróf fóru ennig fram að hausti 2010 og um jól og áramótin 2010-2011. Grunnprófsnámskeið fór fram haustið 2011 það var vel sótt og sjálfboðaliðar skipaðir í Grunnprófsnefnd, nefndin samanstendur af þjálfurum og dómurum. Vorpróf voru svo haldin helgina 4-6 maí 2012 þar sem Kristina Marushak-Mortensen frá Danmörku hefur aðstoðað íslenska dómara.

Coupe de Printemps 2011

Eftirtaldir skautarar tóku þátt á móti sem fram fór í Luxemborg í 1-3 apríl 2011

Junior: Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Júlía Grétarsdóttir, Nadia Margrét Jamchi

Advanced Novice : Agnes Dís Brynjarsdóttir, Vala Rún B. Magnúsdóttir

Basic Novice A: Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir, Kristín Valdís Örnólfsdóttir



Hrafnhildur Ósk hafnaði í 6 sæti með 26,34 stig, Kristín Valdís í 8 sæti með 24,49 stig af 16 keppendum í Basic Novice A.

Vala Rún hafnaði í 13 sæti með 60,76 stig, Agnes Dís í 18 sæti með 56,28 í Advance Novice þar sem keppendur voru 30 talsins.

Heiðbjört Arney hafnaði í 15 sæti með 72,49 stig, Júlía hafnaði í 21 sæti með 67,55 stig,

Nadia Margrét hafnaði í 27 sæti með 58,14 stig í Junior flokki voru 29 keppendur.

Þjálfarar með þeim voru frá SB, Webster Smith og frá SR, Svetlana Akhmerova. Formaður ÍSS var fararstjóri.

Sumarbúðir ÍSS voru haldnar 1-10 júní 2011



Þjálfarar í sumarbúðum voru Berit Kaijomaa, Jazek Zylski og Hanna Kaijomaa. Auk þess komu fimm finnskir skautarar með þeim sem gistu hjá íslenskum skauturum. Þátttaka í einstaklingsbúðunum var dræm en þeir sem tóku þátt voru mjög ánægðir með búðirnar.

Á sama tíma fóru fram æfingarbúðir fyrir SYS eða samhæfðan skautadans, lið frá SR tók þátt og gerð voru prógröm bæði stutt og langt þar sem Frida Malmquist frá Svíþjóð sá um þá vinnu ásamt aðstoðarþjálfara liðsins. Einn til fjórir skautarar úr SYS liði Bjarnarins tóku þátt og því ekki hægt að gera prógröm fyrir þær þar sem 16 manns þarf í hvert prógram.

Við höfum lítið fengið að sjá af SYS sl. vetur og ljóst að ef ekki verður haldið vel á þá muni íþróttin lognast út af héraendis.



Hér fyrir neðan er frétt sem birt var á heimasíðu ÍSS 1. júlí.

„ISU Global Seminar 2011


ISU hefur samþykkt tvo íslenska þátttakendur á námskeiðið sem fram fer í Frankfurt 10-16 júlí.

Ásdís Rós Clark fer á námskeið fyrir TS (Technical Specialist) hún hefur unnið sem þjálfari frá 2001, dæmt á mótum frá 2002 og starfað sem TS í nokkur ár bæði hérlandis og í Svíþjóð samhliða hefur hún sótt námskeið fyrir TS til Danmörku, Finnlands (ISU Nordic Development Project) og Svíþjóðar ásamt námskeiðum hérlandis.

Sunna Björk Mogensen fer á námskeið fyrir DVO (Data and Video Operator) hún hefur unnið sem þjálfari frá 2001 og starfað á flestum mótum ÍSS sem Video Cutter / Data input frá því að dæmt var hérlandis með IJS. Hún hefur sótt námskeið til Svíþjóðar í DVO ásamt námskeiðum hérlandis.

Námskeiðið í Frankfurt er mjög krefjandi þar sem dagskráin er frá morgni fram og kvöld og lýkur með prófum. ÍSS óskar þeim báðum góðs gengis og vonar að það líði ekki mörg ár þar til að við státum af ISU viðurkenndu starfsfólki“

Það kom skemmtilega á óvart þegar ljóst var að fulltrúar ÍSS hefðu ekki bara náð prófum báðar heldur með glæsibrag. Það fer engin í gegnum þetta námskeið nema að hann hafi virkilega unnið fyrir því, staðist prófin, munnleg samtöl við þá sem ráða ríkjum innan ISU og yfirleitt þarf fleiri en eina ferð.



ÍSS hafði tvisvar áður sent tvo einstaklinga á námskeið fyrir TS til Frankfurt, árið 2005 og 2006 þeir einstaklingar uppskáru ekki enda mjög sjaldan sem fólk nær prófi frá ISU í sinni fyrstu tilraun.

Til hamingju segi ég enn og aftur við Ásdísi Rós og Sunnu Björk og ekki síst við ÍSS, þar sem það er mjög mikilvægt fyrir ÍSS að eiga viðurkennt starfsfólk á mótum, dómara og tæknipanel, að þeir séu sjáanlegir og með í ferðum þegar landslið ÍSS er á mótum erlendis.

ÍSS sækir um til ISU um viðurkenningu fyrir alþjóðadómara – þeir fara ekki til Frankfurt fyrr en þeir hafa unnið sem alþjóðadómarar í nokkur ár.

Ferli dómara innan ISU er ekki það sama og hjá þeim sem starfa í tæknipanell. Dómarar þurfa að hafa starfað í fjölda ára, uppfylla og skila ákveðnum undanförum heima við. Þegar öll atriði eru uppfyllt sækir sársamband um alþjóðlega viðurkenningu til ISU. Þegar viðkomandi hefur síðan starfað sem alþjóðadómari í ákveðin tíma sbr. ISU reglur þá er sótt um þátttöku í Frankfurt þar sem viðkomandi tekur próf til að öðlast ISU dómara réttindi.

Formaður ÍSS sendi inn umsókn til ISU til að fá viðurkenndan alþjóðadómara vorið 2008 sótt var um fyrir þann dómara sem var starfandi, hafði mesta reynslu og að mati erlendra dómara með ISU réttindi sem höfðu unnið á mótum ÍSS gáfu meðmæli með. Umsóknin var samþykkt af ISU í ágúst 2008 og í farvatninu að viðkomandi dómari færi til Frankfurt sumarið 2011. Því miður þá þróuðust mál þannig haustið 2010 að umræddur dómari braut af sér í starfi ásamt öðrum dómara. Sitjandi stjórn fundaði með þeim þar sem skrifleg kvörtun hafði borist til ÍSS varðandi hegðun þeirra á móti hjá aðildarfélagi sem þær störfuðu á. Í kjölfar fundar með dómurum ákvað stjórn ÍSS að veita þeim áminningu og að þær myndu ekki dæma næstu mánuð. Áður en ÍSS náði að tilkynna þeim niðurstöðu stjórnar ákváðu þær að segja sig frá störfum fyrir ÍSS og sendu inn tilkynningu þess efnis daginn eftir fund þeirra með stjórn ÍSS. Því skal haldið til haga að þrír dómarar voru við störf á viðkomandi móti og einn af þeim dæmdi samkvæmt gildandi keppnisreglum útgefnum af ÍSS. Það skal einnig upplýst að þær sögðu báðar á fundinum með stjórn ÍSS að ef þær stæðu aftur frammi fyrir því að brjóta reglur í bága við ÍSS þá myndu þær gera slíkt aftur. ISU var tilkynnt um málefnið og málalýktir.

ISU Junior Grand Prix 2011

Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir frá Skautafélagi Reykjavíkur var fulltrúi Íslands á ISU Junior Grand Prix sem fór fram í Riga í Lettlandi 31 ágúst - 3 sept. 2011 og í Tallinn í Eistlandi 12-16 október 2011.

Með Heiðbjörtu Arneyju var þjálfarinn Olga Baranova og fararstjóri var June Eva Clark formaður ÍSS.

Meðfylgjandi mynd var tekin í Tallinn eftir að Heiðbjört skautaði sutta prógramið sitt. Heiðbjört Arney lauk keppni á JGP 2011 og fékk 80,67 í heildareinkunn bætti þar með "seasons best".



Námskeið með Anne Shelter fór fram 15-18 september 2011.

Anne kom til landsins í þriðja sinn, hún hefur verið mjög umsetin í skautaheiminum og ekki auðvelt að fá hana til að halda námskeið vegna anna. Hennar sérhæfing liggur í kennsluaðferðum á ís við kennslu á grunnskautun þar sem tónlist er notuð til þess að gera æfingar hennar ásamt því að kenna túlkun á ís þar sem allir ná að túlka á einstakan hátt þar sem hún nær til allra og fær skautara til þess að blómstra á ísnum. 14 A- skautarar tóku þátt á námskeiðinu. Átta frá SB og sex frá SR.



Þjálfaranámskeið ÍSS var haldið 23-25 september sérgreinanámskeið 1A, Helga Margrét Clarke sá um námskeiðið. 19 voru skráðir á námskeiðið. 16 luku námskeiðinu og tvær eiga eftir að klára hluta af því þar sem Grunnpróf fóru fram sömu helgi og þær voru þáttakendur á því, sem próftaki og dómari.

Dómaranámskeið ÍSS fór fram 30 sept. – 2 okt. 2011 í húsi ÍSÍ Carina Kelly sá um það. Skráning á námskeiðið fór fram úr björtustu vonum, en það skiluðu sér ekki allir á námskeiðið. Fjórir nýjir dómarar náðu prófum inni annað stig og tveir í fyrsta stig, auk þeirra mættu dómarar sem hafa verið við störf í nokkur ár og stóðu sig með prýði.

ÍSS mótaröð 2011

Helgina 7-9 október var Haustmót ÍSS haldið í Skautahöllinni í Laugardal, 78 keppendur voru skráðir til leiks frá SA, SB og SR.

Bikarmót ÍSS 2011 fór fram í Egilshöllinni í Grafarvogi 4-6 nóvember, 84 keppendur skráðir til leiks frá SA, SB og SR.

ISU Warsaw cup 2011

Tvær stúlkur kepptu fyrir Íslands hönd dagana 16-20 nóvember 2011



Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir keppti í Junior flokki og Vala Rún B. Magnúsdóttir keppti í Advanced Novice flokki á ISU International Warsaw Cup 2011 sem fram fór í Varsjá í Póllandi með þeim í för var þjálfarinn Ásdís Rós Clark og fararstjóri var June Eva Clark formaður ÍSS.

Heiðbjört Arney fékk 81,05 stig og hafnaði 21 sæti af 24 keppendum í Junior flokki. Vala Rún fékk 68,34 stig og hafnaði í 13 sæti af 29 keppendum í Advanced Novice.

Íslandsmót ÍSS fór fram í Skautahöllinni á Akureyri helgina 2-4 desember 2011

Keppendur skráðir til leiks á Íslandsmóti voru 81 frá SA, SB og SR. Keppt var á Íslandsmóti 2011 til Íslandsmeistara í Stúlknafllokki A (Advanced Novice) og í Unglingaflokki A (Junior)

Íslandsmeistari 2011 er Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir,
Íslandsmeistari 2011 í Stúlknafllokki A er Vala Rún B. Magnúsdóttir,
þær æfa báðar hjá Skautafélagi Reykjavíkur.



ISU Volvo Open Cup 17th _ 27-29 janúar 2012

Landslið ÍSS á NM2012 tók þátt á móti í Riga í Lettlandi 27-29 janúar sem var liður í undirbúningi hópsins fyrir NM. Keppendur ÍSS: Junior: Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir Advanced Novice: Agnes Dís Brynjarsdóttir, Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir, Kristín Valdís Örnólfsdóttir, Vala Rún B. Magnúsdóttir. Þjálfari með þeim til Riga var Ásdís Rós Clark og June Eva Clark formaður ÍSS var fararstjóri hópsins. Í Advanced Novice voru alls 19 keppendur, okkar keppendur stóðu sig með mikilli þrýði: Vala Rún fékk 70,58 stig og hafnaði í 6 sæti, Agnes Dís fékk 68, 51 stig og hafnaði í 9 sæti, Kristín Valdís fékk 65,06 stig og hafnaði í 12 sæti, Hrafnhildur Ósk fékk 61,76 stig og hafnaði í 14 sæti. Í junior flokki voru 11 keppendur Heiðbjört Arney fékk 82,40 stig og hafnaði í 7 sæti.

Norðurlandamótið 2012 fór fram í Vantaa í Finnlandi 9-12 febrúar

Ísland átti fimm keppendur á NM2012 ásamt þeim voru þrír þjálfarar, TS, DVO, fararstjóri og formaður.



Landslið Íslands á NM2012: Junior: Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir. **Advanced Novice:** Vala Rún B. Magnúsdóttir, Agnes Dís Brynjarsdóttir, Kristín Valdís Örnólfsdóttir, Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir. Þjálfarar: Olga Baranova, Ásdís Rós Clark, Erlendína Kristjánsson. Fararstjóri var Sigríður Stefánía Stefánsdóttir. Í Advanced Novice voru 20 keppendur. Vala Rún hafnaði í 11 sæti, Agnes Dís í 16 sæti, Hrafnhildur Ósk í 18 sæti, Kristín Valdís í 19 sæti. Í Junior hafnaði Heiðbjört Arney í 17 sæti.

Þetta er besti árangur Íslands á norðurlandamóti í listhlaupi á skautum, þrír íslenskir skautarar skiluðu tvöföldum Axel, einn skautari reyndi við þrefalt stökk, allar skiluðu stökksamsetningum tvöfalt + tvöfalt, level á sporum og spinnum náð uppá level 3.

Malmö International 9-12 mars 2012

Níu skautarar í Úrvalshópi ÍSS og Ungir og efnilegir tóku þátt á móti sem fram fór í Malmö í Svíþjóð.

Junior: Júlía Grétarsdóttir, Nadia Margrét Jamchi. **Advanced Novice:** Guðrún Brynjólfsdóttir, Hugrún Sara Mariusardóttir, Þórdís Rögn Jónsdóttir, Þuríður Björg Björgvinsdóttir. **12 ára og yngri A:** Emilía Rós Ómarsdóttir, Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, Sara Júlía Baldvinsdóttir. Þjálfari með þeim var Clair Wileman og fararstjóri var Kristín Þöll Þórsdóttir



Emilía Rós Ómarsdóttir náði bestum árangri mótinu af íslensku keppendum hún keppti í Springs flokki og fékk 26 stig í einkunn eða 3 sæti af 18 keppendum.

ISU Coupe De Printemps 2012

ÍSS sendi landslið til keppni á ISU Alþjóðamót sem fór fram í Luxemborg 15-18 mars.



Mjög góður árangur náðist á Coupe De Printemps 2012

Íslensku stelpurnar stóðu sig allar mjög vel og voru flestar um og fyrir ofan miðju á mótinu. Þetta er besti árangur sem hópurinn sem heild hefur náð á móti af þessu styrkleikastigi, en mótið er haldið undir merkjum ISU (alþjóða skautasambandið). Íslenskir skautarar eru á mikilli siglingu og eftirtektarvert hversu mikil getuaukning hefur orðið á stuttum tíma.

Í Novice A varð Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir í 9. sæti af 23 keppendum með 25.27 stig.

Í Advanced Novice voru 32 keppendur, Agnes Dís Brynjarsdóttir hafnaði í 13. sæti með 72.49 stig, Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir hafnaði í 15. sæti með 71.33 stig og Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir í 17. sæti með 67.76 stig og Kristín Valdís Örnólfsdóttir í 26. sæti með 58.60 stig.

Í Junior-flokki kepptu Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir sem dróg sig úr keppni vegna meiðsla eftir stutt prógram og Vala Rún B. Magnúsdóttir sem hafnaði í 18. sæti af 31 keppendum með 87.13 stig.

Landsliðspjálfarar voru Ásdís Rós Clark og Erlendína Kristjánsson en fararstjórinn Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir, varaformaður Skautasambandsins, sá um hópinn í ferðinni



Finnlandsverkefni eða ISU Development Project verkefni 2010-2014 -samvinnuverkefni sérsambanda norðurlanda ásamt Eistlandi en Eistland dróg sig út úr þátttöku eftir 2010.

Það hefur gætt einhvers misskilnings með það í hvaða tilgangi verkefnið er sett upp. Verkefnið byggist fyrst og fremst á menntun og uppbyggingu á þjálfurum til þjálfunnar á ungum efnilegum skauturum og hugsanlega þátttöku þeirra á stórmótum ásamt uppbyggingu á dómurum, TC og TS. Verkefnið er byggt upp til fjögurra ára þar sem þjálfarar fá verkefni og verkfæri til að vinna með þeim skautara/skauturum sem eru skráðir með þeim í verkefninu. Menntun þeirra ætti síðan að skila sér tilbaka í störfum þeirra innan þess félags sem þeir starfa hjá fyrir alla iðkendur og samþjálfara sem þeir starfa með hverju sinni.

Eins og flestum innan íþróttarinnar er kunnugt um þá hafa því miður margir þjálfarar sem félögin og ÍSS hafa verið að byggja upp undanfarin ár hætt störfum innan íþróttarinnar. Ljóst var sl. haust eftir þátttöku í verkefninu í tvö ár, þar sem hópur fór út til Vierumaki í maí og ágúst 2010 og 2011, að einungis einn þjálfari af þeim sem voru í verkefninu væri tilbúin til þess að halda áfram. Það var mat stjórnar ÍSS að betra væri að draga sig alveg út úr verkefninu í stað þess að halda áfram að hluta.



Að lokum, ég tel að langtíma markmið ÍSS ætti áfram að vera eins og áður það er að byggja upp íþróttina hérlandis, mennta þjálfara, dómara og tæknipanel, stuðla að auknum æfingartíma sem félögin hafa til ráðstöfunar, vinna að því að hægt verði að æfa allt árið um kring hérlandis og að Ísland verði í toppbaráttu á erlendum vettvangi í framtíðinni. Mjög mikilvægt er að aðildarfélögin séu samstíga ÍSS í uppbyggingu á íþróttinni og komi að þeirri vinnu ásamt fagfólki.

Þegar Afreksskautari ÍSS verður til þ.e. íslenskur skautari sem uppfyllir lágmarkskröfur ISU til keppni í Senior flokki á ISU mótum þarf að styðja þann aðila hvort sem hann velur að æfa hérlandis eða erlendis. Ég segi þann aðila vegna þess að það er næstum öruggt að Ísland mun ekki eiga marga skautara í þessum flokki hverju sinni frekar en aðrar þjóðir miðað við höfðatölu. Ég mun ekki hika við að éta þessi orð mín ef raunin verður önnur.

Ég óska íþróttinni og iðkendum hennar alls hins besta á komandi árum og um ókomna framtíð.

Þakka áheyrnina
Reykjavík, 6. maí 2012

June Eva Clark,
formaður Skautasambands Íslands